



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t.

Reykjavík 10. mars 2021

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2103002SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 456. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni velferðarnefndar Alþingis, dags. 24. febrúar sl. um ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að framlengja heimild til að semja um rýmri vinnutíma en ákvæði laganna gera ráð fyrir vegna þeirra starfsmanna sem veita þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Sambandið telur mikilvægt að umrædd heimild sé framlengd svo fatlað fólk er skipuleggur vinnutíma starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð í samræmi við ákvæði kjarasamninga um rýmri heimild lendi ekki í óvissu um notendastýrða persónulega aðstoð.

Sambandið telur mikilvægt að heildarendurskoðun á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. verði unnin hratt og örugglega. Niðurstaða þarf að liggja tímanlega fyrir, fá þinglega meðferð og í framhaldinu gefa notendum tækifæri til að endurskipuleggja störf ef þarf en aðeins eru rétt um tíu mánuðir til áramóta. Þeir aðilar er njóta notendastýrðar persónulegrar aðstoðar eiga ekki að þurfa að upplifa óöryggi um hver áramót þar sem ekki hefur náðst niðurstaða í heildarendurskoðun á lögum um þjónustu við fatlað fólk og því tengt endurskoðun á ákvæði um vinnutíma starfsmanna er veita notendastýrða persónulega aðstoð.

Sambandið hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri